

Nd.

20. Frumvarp til laga

[20. mál]

um breyting á lögum um kosningar til Alþingis, nr. 52 14. ágúst 1959.

(Lagt fyrir Alþingi á 88. löggjafarþingi, 1967.)

1. gr.

1. gr. laganna orðist svo:

Kosningarrétt við kosningar til Alþingis eiga allir, karlar og konur, sem

1. eru 20 ára eða eldri, þegar kosning fer fram,
2. eiga ríkisborgararétt hér á landi,
3. eiga lögheimili hér á landi,
4. hafa óflekkað mannorð og
5. eru eigi sviptir löggræði.

2. gr.

2. töluliður 1. málsg. 15. gr. laganna orðist svo:

2. Þá, sem skortir það eitt á að fullnægja skilyrðum 1. töluliðs þessarar málsgreinar, að þeir hafa ekki fyllt 20 ára aldur, ef þeir ná að fullnægja þeim skilyrðum fyrir lok þess árs, er kosningar fara fram.

3. gr.

2. málsg. 15. gr. laganna orðist svo:

Um þann, sem settur er á kjörskrá og hefur ekki fullnægt aldursskilyrðinu, skal þess getið í athugasemd við nafn hans á kjörskránni, hvaða mánaðardag hann hefur náð að fullnægja því, og skal rita framan við mánaðardaginn: Fær atkvæðisrétt.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í frumvarpi til stjórnarskipunarlaga, um breytingu á 33. gr. stjórnarskrárinnar, sem samþykkt var á síðasta Alþingi, og nú hefur verið lagt fyrir Alþingi að nýju til staðfestingar, er gert ráð fyrir því, að kosningarréttur (og þar með kjör-gengi) skuli miðast við 20 ára aldur í stað 21 árs. Einnig er fellt niður 5 ára bú-setuskilyrði fyrir kosningarrétti. Í samræmi við þessa breytingu á ákvæðum stjórnarskrárinnar þarf að breyta samsvarandi ákvæðum laga um kosningar til Alþingis, og er því þetta frumvarp borið fram.